



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Upplýsingatækni (UPT2A06) Háskólabrú

Áfangalýsing

Meginmarkmið þessa áfanga er að nemandi þekki staðarnet skólans og þann hugbúnað sem honum stendur til boða, geti beitt þeim hugbúnaði, sem er til í skólanum, í réttu samhengi við annað nám í skólanum og geti sjálfur aflað sér þekkingar um hvernig hagnýta má upplýsingatækni í tengslum við nám sitt. Mikil áhersla er lögð á að nemandi geti með góðu móti sett fram þá þekkingu, sem hann aflar sér í námi sínu, á tölvutækan hátt, s.s. í ritvinnslu, með myndrænni framsetningu tölfraðilegra gagna, á margmiðlunarformi með myndum og stiklutexta, allt með aðstoð Office 2013. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir sinni ábyrgð og skyldum í eigin námi. Því er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og nemendur hvattir til að nota frumkvæði og hugmyndaflug í verkefnavinnu.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi í upplýsingatækni.

Prep

Áfanginn er á 2.þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólæiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grundvallaratriðum staðarnets
- hugbúnaði sem í boði er og nýtist í náminu
- hvernig nýta má kosti upplýsingatækninnar í náminu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- geta nýtt sér hugbúnaði við framsetningu upplýsinga á tölvutæku formi (með aðstoð Office 2013)
- geta nýtt sér vefinn í upplýsingaleit og sem samskiptatæki
- geyma gögn á veraldrarvefnum, bæði einkaskjöl og opin skjöl

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja helstu grunnhugtök í upplýsingatækni
- kunna að bera sig að við upplýsingaleit á veraldarvef
- geta sett fram gögn á skýran og skilmerkilegan hátt með aðstoð Office 2010
- vera virkir og sjálfstæðir tölvunotendur með gagnrýna, siðferðislega og ábyrga hugsun á það sem fram fer á veraldarvef

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.